# Ferðalag Sveinbjarnar, Tómasar og Lilju í Biskupstungur.

Sveinbjörn fékk að skreppa með okkur í sumarbústað í Biskupstungunum, í Brekkuskóg. Við fórum á miðvikudagskvöldi og fórum seint að sofa það kvöldið. Við vorum fram á sunnudag og höfðum það náðugt með Sveinbirni og mömmu og pabba.






Við förum á hverjum degi í heita pottinn en Sveinbjörn greyið gat ekki annað en horft á buslugangin í okkur, hann mátti ekki koma með ofaní. Við lékum okkur úti á leikvelli, fórum í göngutúra og á Laugarvatn að kaupa ís.

Við fórum líka að sjá Gullfoss og Geysi, eða öllu heldur Strokk. Geysir gamli gýs nú ekki mikið lengur. Við enduðum svo ferðalagið á að heimsækja ömmu í sumarbústaðinn hennar, sem er rétt hjá sumarhúsinu sem við vorum í.

